

Alþingi
Erindi nr. P 136/617
komudagur 19.12.2008

Fjármálaráðuneytið
Tekju- og lagaskrifstofa

Dags. 19. desember 2008.

Minnisblað

Efni: Umræðupunktur um skattlagningu kolvetnisframleiðslu

Til: Efnahags- og skattanefndar.

Frá: Fjármálaráðuneytinu

Hversu mikil vinnsla eru 10 milljónir tunna?

Óvíst er að vinnsla upp á 10 milljónir tunna eða 27.397 tonnur á dag skili hagnaði ef sú framleiðsla er ekki í tengslum við aðra framleiðslu á nálægu svæði. Þannig má ætla að ef ekki er kolvetni í meira magni á nálægum slóðum sé óraunhæft að ætla að svæði þar sem vinnsla kolvetnis er undir 10 milljón tunnum á ári skilaði hagnaði. Þó má benda á að í Noregi eru vinnslustaðir þar sem kolvetnisvinnslan er undir 10 milljónir tunna á ári en sú vinnsla skilar engu að síður hagnaði. Í slíkum tilvikum er um að ræða svæði sem samnýta þá ýmsa þætti með öðrum stærri vinnslustöðum, t.d. leiðslur og hafstöðvar. Reikna má með að svipað gildi um framleiðslu á Drekasvæðinu. Þrátt fyrir þetta er rétt að áréttu að 10 milljón tonnur af olíu eru talsverð verðmæti, þ.e.a.s. 500 milljón bandaríkjadalir þegar olíuverðið er 50 dollarar á hverja tonnu. Miðað við núverandi gengi (1 USD = 115 ISK) þá er brúttóverð 10 milljón tunnan u.þ.b. fjórðungur af árlegum útgjöldum ríkissjóðs. Eftir 10 milljón tonnur fer vinnslugjaldið rólega af stað en vex nokkuð hratt með aukinni vinnslu.

Hvað er raunhæft að mikil vinnsla fari fram á einu svæði?

Eins og komið hefur fram áður er engin leið að áætla hvort eða hversu mikið af kolvetni er að finna á Drekasvæðinu. Til þess að hafa einhver viðmið má nefna að í Noregi er stærsta vinnslustöðin, Ekofisk, að framleiða rúmar 82 milljónir tunnur af olíu á ári en flestar vinnslustöðvarnar framleiða mun minna og allt niður í 365 þúsund tonnur á ári. Í skýrslu iðnaðarráðuneytisins um kolvetnisvinnslu á Drekasvæðinu eru sviðsmyndir sem gera ráð fyrir að hámarksvinnsla úr einu svæði sé um 63 milljón tonnur á ári og það miðað er við að viðkomandi svæði sé klárað á 10 árum.

Er vinnslugjaldið frádráttabær rekstrarkostnaður?

Í skilningi laga um tekjuskatt er vinnslugjaldið frádráttabært sem rekstrarkostnaður eins og aðrir skattar sem eru lagðir á framleiðslu. Sem dæmi má um slík frádráttabær gjöld má nefna iðnaðarmálagjald og ýmis aðstöðugjöld sem lögð eru á viðkomandi fyrirtæki. Frumvarpið miðar við að annað hvort sé greitt framleiðslugjald eða kolvetnisskattur. Á því ári sem kolvetnisskatturinn tekur við skoðast greitt framleiðslugjald sem staðgreiðsla upp í kolvetnisskattinn fyrir viðkomandi skattár. Í frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að við ákvörðun á gjaldstofni kolvetnisskatts sé ekki heimilt að draga frá vinnslugjald sbr. a-lið 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins.

Eru fyrningareglur skv. frumvarpinu óhagstæðar fyrir kolvetnisvinnslufyrirtæki?

Í umræðum um frumvarpið á fundi nefndarinnar 16. desember sl. gætti misskilnings í umræðum um fyrningu á stofnkostnaði vinnslufyrirtækja. Um frádrátt frá skattskyldum rekstrartekjum við ákvörðun á skattstofni kolvetnisskatts er fjallað í 11. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að heimilt er að draga frá skattskyldum rekstrartekjum niðurfærslu eigna skv. 32. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Ráðuneytið telur að þær reglur séu mjög ívilnandi fyrir kolvetnisvinnslufyrirtæki enda heimilar greinin að stofnkostnaðurinn, t.d. vegna

tilraunavinnslu og rannsókna, sé ýmist gjaldfærður í einu lagi þegar tekjuöflun hefst eða með jöfnum fjárhæðum á fimm árum.

Kallar kolvetnisframleiðsla á breytingar á öðrum lögum sem eru á forræði fjármálaráðuneytisins?

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er miðað við að tillögur að breytingum á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, verði lagðar fyrir Alþingi næstkomandi vor. Styrkja þarf gildissvið laga nr. 90/2003, þannig að þau taki til allra aðila sem starfa á landgrunninu (t.d. fyrir utan 200 sjómílur) og aðlaga fyrningareglur að kolvetnisstarfsemi. Einnig þarf að taka ákvörðun um það hvort að þessi starfsemi sé virðisaukaskattskyld eða hvort hún sé undanþegin virðisaukaskatti en slík leið var farin í Noregi.